



**HEILBRIGÐISVÍSINDABÓKASAFN
LANDSPÍTALA OG HÁSKÓLA ÍSLANDS**

Ársskýrsla

Heilbrigðisvísindabókasafns Landspítala og Háskóla Íslands

2018

3. apríl 2019

Efnisyfirlit

Inngangur	2
Almennar upplýsingar	2
Stjórn og starfsemi Heilbrigðisvísindabókasafns	3
Fjármál	3
Áskriftir og innkaup.....	4
Kennsla.....	5
Innlent samstarf.....	6
Erlent samstarf.....	6
Starfsmannamál.....	6
Húsnæði, tækjakostur og hugbúnaður	7
Viðaukar	8

Inngangur

Landspítali hefur rekið fagbókasafn frá árinu 1968, fyrst inni á spítalanum sjálfum en frá árinu 1986 í Eirbergi. Sumarið 2016 flutti starfsemin að Rauðararstíg 10 vegna mikilla rakaskemmda og myglu í húsnæði safnsins í Eirbergi.

Árið 1987 var gert samkomulag milli Ríkisspítala og Háskóla Íslands um þjónustu Bókasafns Landspítala við ákveðnar námsbrautir og kennslugreinar á sviði heilbrigðisvísinda. Í framhaldi af því var sett á fót samstarfsnefnd Ríkisspítala og Háskólans sem gera skyldi tillögur um framtíðarskipan bókasafnsþjónustunnar.

Árið 1993 var gengið frá samkomulagi á milli Bókasafns Landspítala og Háskólabókasafns, annars vegar um að útibú þess síðar nefnda á sviði hjúkrunarfræði, sem rekið hafði verið um árabil í Eirbergi (Hjúkrunarskólanum), rynni inn í rekstur Bókasafns Landspítala og hins vegar um greiðslur Háskóla Íslands vegna reksturs og þjónustu Bókasafns Landspítala. Sambærilegt samkomulag var gert varðandi þjónustu við læknaeild í upphafi ársins 1994. Bókasafn Landspítala starfaði síðan í samræmi við þetta allar götur til haustsins 2013 þegar loks var undirritaður formlegur samningur á milli rektors Háskóla Íslands og forstjóra Landspítala um rekstur Heilbrigðisvísindabókasafns Landspítala og Háskóla Íslands.

Almennar upplýsingar

Bókasafnið er nú til húsa að Rauðararstíg 10, annarri hæð. Það er opið virka daga frá kl. 8 til 16 og síminn er 543 1450. Netfang er bokasafn@landspitali.is Vefsíða bókasafnsins er <http://bokasafn.landspitali.is>

Facebooksíða safnsins heitir [Heilbrigðisvísindabókasafn LSH og HÍ](#)

Twitter reikningurinn er [Heilbrigðisvísindabokasafn LSH og HÍ](#)

Stjórn og starfsemi Heilbrigðisvísindabókasafns

Stjórn safnsins er skipuð í samræmi við 3. grein samnings um rekstur Heilbrigðisvísindabókasafns Landspítala og Háskóla Íslands. Í henni sitja Magnús Gottfreðsson, yfirmaður Vísindadeildar LSH og Anna Sigríður Guðnadóttir, verkefnastjóri safnsins. Fulltrúi Heilbrigðisvísindasviðs HÍ í stjórninni er Ingibjörg Steinunn Sverrisdóttir landsbókavörður. Stjórnin fundaði einu sinni á árinu, þann 12. apríl 2018. Um samstarf Heilbrigðisvísindabókasafns og Landsbókasafns sbr. 6. grein samningsins er vísað í kaflann Innlent samstarf á bls. 5 í skýrslu þessari.

Heilbrigðisvísindabókasafn LSH og HÍ er fagbókasafn á heilbrigðisviði sem þjónar fyrst og fremst heilbrigðisstarfsfólki innan LSH, kennurum og nemendum í heilbrigðisvísindum innan Háskóla Ísland. Hlutverk þess er að veita aðgang að þeim vísindalegu og klínísku upplýsingum og þekkingu sem þessir aðilar þurfa í námi og starfi. Safnið er þó öllum opið og rafræn gögn aðgengileg á staðnum.

Bókasafnið sinnir öllum hefðbundnum störfum sem unnin eru á spítala- og rannsóknarbókasöfnum. Þar má helst telja samninga um aðgang að rafrænum og prentuðum gögnum og upplýsingamiðlum sem og innkaup þeirra. Umsjón aðgangsstýringar og framsetningar gagna svo notendur hafi aðgang á sem einfaldastan hátt. Skráning safnkosts í bókasafnskerfi landsins og önnur rafræn kerfi sem auðvelda aðgang að safnkosti og niðurstöðum rannsókna. Þjónustan felur m.a. í sér kennslu og leiðsögn varðandi nýtingu safngagna og annarra upplýsingaveitna, heimildaleitir, millisafnalán, greinabjónustu og almenna aðstoð varðandi flest það sem snertir safngögn, heimildaskráningu og upplýsingaöflun.

Fjármál

Á árinu 2018 var rekstrarkostnaður Heilbrigðisvísindabókasafnsins um 107 milljónir króna. Þar af nam kostnaður við kaup rafrænna tímarita og annarra rafrænna gagna 103,5 milljónum króna. Það eru svipaðar tölur og árið 2017. Þess skal getið að stærstur hluti áskrifta að rafrænum gögnum er greiddur fyrirfram, þ.e. í nóvember 2017 til janúar 2018 og var gengi krónunnar enn sterkt á þeim tíma.

Launakostnaður á árinu nam um 47,6 milljónum króna.

Þjónustusamningar

Bókasafnið hefur um langt árabil gert samninga við ýmsar stofnanir á heilbrigðisviði um aðgang að þjónustu safnsins og safnkosti. Á árinu 2018 voru gerðir 9 slíkir samningar sem eru einum færri en árið 2017. Þess má geta að á árinu 2014 gerðu 14 stofnanir samning við bókasafnið. Margar stofnanir fækka þeim starfsmönnum sem samið er fyrir milli ára svo upphæðin sem greidd er til safnsins fer lækkandi ár frá ári. Greiðslur vegna þjónustusamninga námu 2.581.000 krónum á árinu.

Áskriftir og innkaup

Gagnasöfn

Gagnagrunnurinn Renal Drugs Database var tekinn í áskrift á árinu 2018 og er það í fyrsta sinn sem bætt er við gagnasafnaáskriftir bókasafnsins frá árinu 2015. Notkunartölur gagnasafna er að finna í viðauka.

Lista yfir gagnasöfn í áskrift er að finna á þessari slóð: <http://bokasafn.landspitali.is/?PageID=15490>

Rafbækur

Eins og fram hefur komið í fyrri ársskýrslum þá er stór hluti rafbóka í eigu safnsins orðinn æði gamall. Á árunum 2016 og 2017 gafst tækifæri til að endurnýja nokkra titla og kaupa einhverja nýja. Grisjun gamla bókapakkans í OVID er orðin bráð nauðsyn enda nýjustu útgáfur þar frá árinu 2007 eða 12 ára gamlar. Stefnt er að því að taka grisjun hans föstum tökum á árinu 2019. Á árinu 2018 voru keyptar 3 nýjar rafbækur og er rafbókakosturinn nú um 425 titlar. Þar fyrir utan er aðgangur að fjölda rafbóka á heilbrigðissviði í gegnum þátttöku safnsins í landsaðgangi að rafrænum gögnum. Lista yfir nýjar rafbækur er að finna í viðauka.

Rafbækur, bæði séreign safnsins, landsaðgangsbækur og bækur í opnum aðgangi, má nálgast á þessari slóð: <http://gegnir.hosted.exlibrisgroup.com/lhrml/ebooksearch?lang=ice>

Rafbækur safnsins eru einnig skráðar og aðgengilegar í gegnum Gegni/Leitir https://leitir.is/primo_library/libweb/action/search.do?vid=LHRMLV&prefLang=en_US

Bækur, prentaðar

Á árinu 2018 voru keyptar 4 prentaðar bækur. Listi yfir þær fylgir í viðauka.

Tímarit

Fjöldi erlendra tímarita í séráskrift bókasafnsins í árslok 2018 var um 690 titlar en allar áskriftirnar eru rafrænar. Í tímaritapökkunum frá OVID, í LWW áskriftarpakkanum og PsycArticles pakkanum, voru um 580 titlar í árslok 2018. Í báðum pökkum eru eldri titlar sem ekki koma lengur út ásamt nýjum ritum. Einu tímariti, Inflammatory bowel diseases, var sagt upp í lok árs 2018 vegna mjög lítillar notkunar og hækkandi verðs. Á árinu voru 16 nýjar tímaritaáskriftir teknar í gagnið en um miðjan mars var óskað eftir tillögum um nýjar rafbækur og tímarit. Margar tillögur bárust og reyndist unnt að verða við þeim flestum. Lista yfir nýjar áskriftir má sjá í viðauka.

Til viðbótar við ofangreindar áskriftir er safnið með tímarit í áskrift í gegnum samstarfið í Landsaðgangi.

Eins og undanfarin ár voru talsverðar verðhækkningar í áskriftartilboðum á milli ára og tóku samningaviðræður langan tímar eins og áður. Vegna sterkrar stöðu krónunnar haustið 2017 og fram yfir áramótin 17/18 koma verðhækkningar í erlendri mynt ekki að fullu fram í íslenskum krónum talið. Eins og fyrri ár nýtir safnið sér þjónustu birgja, LM Information Delivery A/S, til að sjá um áskriftir að stökum titlum hjá einstökum útgefendum. Safnið sér þó sjálft um nokkurn fjölda beinna samninga um staka titla í þeim tilfellum sem það er hagkvæmara. Þar fyrir utan er safnið með beina samninga við nokkra útgefendur um talsverðan fjölda tímarita, svo sem Springer-Nature, Elsevier-Science Direct, Oxford, Wiley

og LWW/WoltersKluwer svo einhverjir séu nefndir. Safnið er með beina samninga um tímaritaáskriftir við um 20 útgefendur. Notkunartölur rafrænna tímarita er að finna í viðauka.

Áskriftartímarit bókasafnsins má nálgast hér: <http://gegner.hosted.exlibrisgroup.com/lhrml/journalsearch>
Auk séráskrifta safnsins er þarna aðgangur að áskriftum í gegnum landsaðgang sem og tímaritum í opnum aðgangi sem skráð eru í DOAJ.

Samstarf um áskriftir

Heilbrigðisvísindasafnið tekur þátt í samstarfi um Landsaðgang að rafrænum gögnum eins og það hefur gert frá upphafi þess verkefnis. Greiðsluhluti Heilbrigðisvísindasafnsins árið 2018 var um 25,7 milljónir króna.

Þá er áskrift að Cinahl greidd sameiginlega af safninu, Sjúkrahúsinu á Akureyri og Háskólanum á Akureyri. Kostnaði hefur verið skipt í samræmi við notkun stofnananna.

Kennsla

Bókasafns- og upplýsingafræðingar Heilbrigðisvísindabókasafns halda reglulega námskeið og kynningar fyrir starfsfólk spítalans svo og nemendur hinna ýmsu deilda heilbrigðisvísindasviðs HÍ.

Námskeiðin fyrir háskólanemana eru oftast hluti stærri vinnulagsnámskeiða sem kennarar háskólans skipuleggja. Annars vegar eru kenndar leitir í gagnasöfnum á sviði heilbrigðisvísinda og hins vegar notkun heimildaskráningarforrita. Nemendur hafa verið taldir í hvorum hluta fyrir sig enda sjá tveir starfsmenn safnsins um sinn hlutann hvor. Auk skipulagðrar kennslu sækja nemendur og starfsfólk frekari leiðsögn og kennslu til bókasafnsfræðinga á safninu. Hvorki fjöldi aðila sem þannig leita aðstoðar á safninu né tímalengd leiðsagnar eða kennslu hefur verið skráð en greinilegt er að eftirspurn eftir slíkri einstaklingsaðstoð fer vaxandi.

Alls voru kenndar 74 kennslustundir innan vinnulagsnámskeiða deilda Heilbrigðisvísindasviðs HÍ á árinu 2018. Þetta eru talsvert færri kennslustundir en fyrri ár. Helsta skýringin er að í sumum námskeiðum hefur tímum sem safninu hefur verið úthlutað fækkað og nokkrir aðilar óskuðu ekki eftir kennslu frá safninu á árinu m.a. vegna skipulagsbreytinga sem færa bókasafnsfræðslu á milli ára. Fjöldi nemenda á námskeiðunum var 527.

Eftir að samningur um rekstur Heilbrigðisvísindabókasafns Landspítala og Háskóla Íslands var undirritaður 8. nóvember 2013 hefur ekki verið rukkað fyrir þá kennslu sem innt er af hendi fyrir HÍ.

Starfsfólk safnsins fór í útrás innanhúss á árinu og efndi til kynningarátaks á þjónustu safnsins í upphafi ársins. Send voru tilboð um kynningar og námskeið til Landspítalafólks á Lerkispóstlista og settar inn auglýsingar á Facebooksíðu safnsins sem og á vefsíðu þess. Mjög jákvæð og góð viðbrögð urðu við þessu framtaki. Kynningar og námskeið urðu 39 talsins og þátttakendur 206 sem er mikil aukning frá fyrri árum. Eins og fyrr segir var óskað eftir tillögum frá starfsfólki um nýjar rafbækur og tímarit í marsmánuði. Nokkrar tillögur komu fram um tímarit sem þegar voru í áskrift sem bendir til þess að reglubundnar kynningar innan spítalans séu til bóta og ættu að verða fastur liður í starfsemi safnsins.

Innlent samstarf

Heilbrigðisvísindabókasafnið er þátttakandi í ýmsu innlendu samstarfi. Ber þar hæst samstarfið um Landsaðgang að rafrænum gögnum en bókasafnið hefur tekið virkan þátt í því verkefni frá upphafi og stjórnandi þess setið í stjórnarnefnd verkefnisins frá byrjun. Þá tekur safnið þátt í samstarfi stjórnenda háskólabókasafna á Íslandi sem taka ýmis sameiginleg hagsmunamál háskólabókasafna til umræðu. Meðal annars var á árinu efnt til samtals við Félag rannsóknarstjóra á Íslandi. Anna Sigríður Guðnadóttir sinnir þessum verkefnum fyrir hönd safnsins. Á vegum fyrrgreinds samstarfs er starfandi hópur sem fjallar um upplýsingalæsi sem starfsfólk safnsins hefur tekið virkan þátt í.

Á árinu 2018 var haldið áfram að treysta samstarfið við Landsbókasafn-Háskólabókasafn með hliðsjón af þeim samningi sem í gildi er um rekstur Heilbrigðisvísindabókasafns LSH og HÍ. Reglulegt samtal og gott samstarf er á milli safnanna. Heilbrigðisvísindabókasafnið tók þátt í árlegri Vísindavöku HÍ sem haldin var í Þjóðarbókhöfðu mars 2018. Ákveðið var að safnið héldi áfram þátttöku sinni og myndi taka þátt í undirbúningi vökkunnar árið 2019. Þá var gefinn út sérstakur kynningarbæklingur á haustmánuðum um þjónustu allra bókasafna HÍ og þar á meðal Heilbrigðisvísindabókasafns.

Erlent samstarf

Bókasafnið hélt áfram þátttöku í Evrópuverkefninu OpenAIRE2020 sem hefur verið lýst í fyrri ársskýrslum. Fulltrúi Landspítala er einn af 50 fulltrúum frá ESB og EES löndum sem taka þátt í verkefninu. Í hverju landi er s.k. NOAD, National Open Access Desk, og verkefni þeirra er að sinna upplýsingamiðlun um þá tæknilegu innviði sem OpenAIRE veitir aðgang að og fylgjast með því að vísindagreinar sem notið hafa styrks frá ESB/ERC séu birtar í opnum aðgangi eða lokahandrit vistað í viðurkenndu varðveislusafni. Þá er lögð meiri áhersla á opin vísindi og opin gögn í nýjasta fasa verkefnisins, OpenAIRE Advance. Fundir og vinnustofur eru nokkrar árlega sem og mánaðarlegir Skype fundir með norrænum kollegum.

Nánari upplýsingar um ofangreind verkefni er að finna hér:

<https://www.openaire.eu/project-factsheets>

<https://www.openaire.eu/advance>

Starfsmannamál

Starfsmenn safnsins voru fjórir talsins í 4 stöðugildum á árinu 2018 og hefur fækkað um einn frá árinu 2016 eða 0,8 stöðugildi. Bókasafns- og upplýsingarfræðingar eru þrír og einn bókmenntafræðingur.

Starfsmennirnir eru: Anna Sigríður Guðnadóttir, Guðrún Kjartansdóttir, Inga Ágústsdóttir og Sigurbjörn Svanbergsson.

Húsnæði, tækjakostur og hugbúnaður

Bókasafnið er til húsa að Rauðarárstíg 10, 2. hæð og flutti þangað úr Eirbergi um mitt sumar 2016 af ástæðum sem tíundaðar hafa verið í fyrri ársskýrslum. Á árinu 2018 var kunnigert að starfsemin myndi flytja enn á ný og var upphaflega gert ráð fyrir því að starfsemi bókasafnsins flytti í húsnæði við Skaftahlíð. Starfsfólk bókasafnsins taldi það slæman kost að flytja svo langt frá nemendum, kennurum, klínískri starfsemi og rannsóknarstarfsemi spítalans. Húsnæðið í Eirbergi, sem spítalinn fékk upphaflega frá menntamálaráðuneytinu til að starfrækja bókasafn, hefur verið tekið í gegn og taldi starfsfólkið það mun betri kost, m.t.t. þjónustu safnsins, að flytja til baka á Landspítalalóðina. Á þessi sjónarmið var fallist og mun safnið flytja aftur í Eirberg á árinu 2019 en tímasetning er ekki ljós.

Tölvubúnaður safnsins var endurnýjaður á árinu 2017 svo engin þörf var á útgjöldum vegna þess málaflokks á árinu.

Notkun kennslustofu safnsins hefur aukist jafnt og þétt og á árinu 2018 var hún lánuð nokkrum sinnum til námskeiðahalds og funda annarra deilda og eininga. Í þeirri stofu eru einnig lesbásar sem nemendur geta fengið afnot af um lengri eða skemmri tíma.

Eins og fram kom í ársskýrslum 2016 og 2017 gekk vinna við innleiðingu SFX hugbúnaðarins, krækjukerfis sem þjónar sem tengibúnaður við rafræn tímarit og eftir atvikum önnur gögn, brösuglega af ýmsum ástæðum. Á árinu 2018 var verkefnið tekið traustum tókum og innleiðingu var lokið undir vor.

Nýi tímaritalistinn er aðgengilegur hér: <http://gegdir.hosted.exlibrisgroup.com/lhrml/journalsearch>

Í listanum er hægt að nálgast séráskriftir safnsins, tímarit í landsaðgangi og tímarit í opnum aðgangi skv. Directory of Open Access Journals.

Enn er notast við gamla heimasíðaða beiðakerfið í Lotus Notes sem hrynur með reglulegu millibili og er algjörlega komið að fótum fram. Beiðakerfið heldur utan um upplýsingar til að rukka inn útlagðan kostnað vegna millisafnalána sem bókhaldið tekur út úr kerfinu mánaðarlega. Brýnt er orðið að skoða hvort ekki finnst betri lausn á utanaumhaldi beiðna og rukki.

Netþjónninn Lerki stýrir aðgangi starfsfólks og annarra viðskiptavina að gögnum safnsins þegar þeir eru staddir utan skráðra IP svæða. Aðgangskerfi Lerkis er barn síns tíma, enda þjónninn settur upp um síðustu aldamót. Á árinu 2018 hófst markviss skoðun á því hvaða kerfi væri best að taka upp svo Lerkið gæti kvatt áður en það hrynði endanlega. Upplýsingatæknisvið tilnefndi starfsmann til að skoða þessi mál með bókasafninu á vormánuðum. Fór athugun af stað en vegna veikinda lá verkefnið niðri fram að hausti þegar UTS tilnefndi annan starfsmann og reyndar tvo í verkefnið. Aðallega voru skoðuð tvö kerfi EZproxy frá OCLC sem notað er í HR og OpenAthens sem er notað víða í Evrópu. Ekki tókst að ljúka verkefninu fyrir árslok.

Viðaukar

Rafbækur, tímarit og bækur 2018

Nýjar rafbækur:

1. Greenfield's Surgery: Scientific Principles and Practice. 6. útg. Ed. Mullholland, MW et al. (2017)
2. Healthcare Administration for Patient Safety and Engagement. Aleksandra Rosiek-Kryszewska og Krzysztof Leksowski (2018)
3. Functional Neurologic Disorders, vol 139 í Handbook of Clinical Neurology 3rd Series. Ed. Hallett, M (2016)

Nýjar tímaritaáskriftir 2018

1. American Journal of Health Promotion
2. BJPsych Advances
3. British journal of Hospital Medicine
4. CMAJ Canadian Medical Association journal
5. International Journal of STD & AIDS
6. Journal of Child & Adolescent Psychology
7. Journal of the American Academy of Child and Adolescent Psychiatry
8. Neurosurgery + Operative Neurosurgery
9. Physical Therapy
10. Platelets
11. Prenatal Diagnosis
12. Scandinavian Journal of Pain
13. Surgical Clinics of North America
14. The Carlat Reports
15. The Lancet Child & Adolescent Health
16. The Lancet Gastroenterology & Hepatology

Prentaðar bækur keyptar 2018

1. Orðasafn í líffærafræði III Æðakerfið /Ritstj. Jóhann Heiðar Jóhannsson (2017)
2. Health Sciences Collection Management for the Twenty-First Century/Ed. Kendall S. (2018)
3. Gagnfræðakver handa háskólanemum 5. útgáfa/Friðrik H. Jónsson, Sigurður J. Grétarsson (2018)
4. Skillful Performance: Enacting Capabilities, Knowledge, Competence, and .../Ed.Sandberg J et al (2017)

Starfsemissupplýsingar

Lykiltölur	2018	2017
Afgreiddar greinar úr safnkosti LSH:		
Til starfsmanna o.fl.	242	312
Til bókasafna - innlendra og erlendra	18	26
Samtals	260	338
Aðfengnar greinar, bækur o.fl. frá öðrum söfnum	311	391
Fjöldi útlána á safnefni	13	37
Fjöldi keyptrar prentaðra bóka	4	11
Fjöldi námskeiða og kynninga innan LSH	39	15
Fjöldi þátttakenda í námskeiðum og kynningum innan LSH	206	68
Kennslutímar fyrir Heilbrigðisvísindasvið HÍ	74	123
Fjöldi nema í HÍ kennslutímum	527	768
Hirsla fjöldi greina í árslok	6.601	6.285
Lerki heimsóknir	14.527	22.161

Gagnasöfn - notkun	2018	2017
BMJ Best Practice (visits)	1.166	1.802
Cinahl (Ebscohost) (leitir)	9.623	11.256
Cochrane Clinical Answers	549	
EBM Reviews (leitir)	6.337	8.763
Global Health (leitir)	476	845
Joanna Briggs (leitir)	1.788	2.148
Natural Medicines (Page Views)	1.834	2.128
Ovid Medline (leitir)	1.122	3.224
PsycBooks (leitir)	529	853
PsycInfo (leitir)	4.827	1.364
Scopus (leitir)	7.617	8.885
UpToDate - (Topic Reviews)	100.157	93.690
Micromedex	13.030	26.043*
* óáreiðanleg tala		
Samtals:	149.055	161.317

Rafbækur - notkun	2018	2017
Books@Ovid - title requests	607	598
Harrison's Internal Medicine	214	193
Medicines Complete	6.816	5.428
RedBook (section requests)	32	49

Heilbrigðisvísindabókasafn LSH	Notkun	Notkun
Notkun rafrænna tímarita		
	2018	2017
Rafræn tímarit - fjöldi greina bæði HTML og PDF.		
AACR	1.133	899
ACP American college of Physicians (Annals of Internal Medicine)	548	594
AMA American Medical Association (Jama + 8 titlar)	3.787	3.899
ASM American Society for Microbiology, 11 titlar	1.404	1.423
American Society of Neuroradiology (AJNR American Journal of Neuroradiology)	303	319
American Society of Hematology (Blood)	1.262	1.418
American Association of Immunology (Journal of Immunology)	602	785
BMJ Journals	8.308	6.298
Cambridge University Press	493	393
Carlat reports	76	Nýtt 2018
Cell tímaritin	1.137	1.577
Ebsco Host, rafræn tímarit**	2.941	3.205
Elsevier, séráskriftir og landsaðgangur	66.870	60.422
European Respiratory Journal	753	xx
Journal of Neurosurgery	18	xx
Karger*	1.147	1.126
Lippincott Williams & Wilkins LWW	11.291	11.036
Mark Allen Group	328	294
MaryAnn Liebert	605	649
Nature (SpringerNature)	7.255	6.732
NEJM	8.765	9.747
Ovid PsycARTICLES regular searches	1.800	1.669
Oxford University Press	8.695	8.119
ProQuest - rafræn tímarit**	5.243	5.131
Rockefeller University Press	207	193
Sage publications***	5.569	4.484
Scandinavian Journal of Pain	56	Nýtt 2018
Springer*	6.709	6.427
Taylor & Francis	4.831	3.238
Wiley	2.816	2.673
Wiley-Blackwell*	19.465	22.014
Samtals:	174.297	164.484
* Landsaðgangur, beint frá útgefanda		
** Landsaðgangur, birtingartöf, greinasöfn, margir útgefendur		
*** 3 séráskriftir + landsaðgangur		
(xx) Tölur ófáanalegar 2017		